

Fyrsti fundur í Gammadeild veturinn 2016-2017

Í hlýju veðri og rigningu hittust Gammakonur á Hulduhólum í Mosfellsbæ hjá listakonunni Steinunni Marteinsdóttur miðvikudaginn 7. september 2016.

Steinunn bauð okkur velkomnar á heimili sitt og vinnustofu og sagði frá því að þegar hún kom fyrst í húsið árið 1969 voru þar 18 kýr í fjósi og hlaða full af heyi nákvæmlega þar sem við stóðum og engin byggð í kring. Hún sagði frá lífi sínu í listinni en frá unga aldri var hún síteiknandi og sótti hugmyndir í ævintýri og hafði Muggur og Dimmalimm hans áhrif. Á unglingsárum lá iðjan niðri en teiknaði þó samnemendur í Faunu MR og skólablöðin nutu góðs af teikningum hennar. Eftir ársnám við Handíða-og Myndlistaskóla Íslands hélt hún til Berlínar og lærði leirkerasmíð ásamt grafík og málun í þrjú ár. Eftir heimkomu fékk hún praktíska reynslu hjá Ragnari í Glit og fór í kjölfarið að halda námskeið í aflagðri mjólkurbúð. Ásókn á fyrsta námskeiðið var framar vonum og vann hún jöfnum höndum að kennslu og eigin listsköpun. Leirinn átti hug hennar í mörg ár, þar fann hún frelsi í tjáningu auk þess sem leirinn er skemmtilegur að Steinunnar sögn þrátt fyrir að prósessinn sé langur og útkoman getur á stundum verið óútreiknanleg. Eftir dvöl í Cité de l'Art í París 1986 fór hún meira að teikna og mála og vann þá út frá leirmyndum sínum yfir í málverk.

Útsýnið frá Hulduhólum nær til Snæfellsjökuls og Esjan er í sjónlínu og má sjá það í myndum Huldu. Hún sagði skemmtilega frá því hvernig hún þykist geta málað fuglasöng, dirrindí lóunnar, vell spóans auk lifandi vatns. Hún nefndi einnig þúfumótífin sín þar sem má sjá dýr, augu og eitthvað dularfullt. Leitast hún í verkum sínum við að ná fram hughrifum og finnst áskorun að fást við það hvað tilveran er óskiljanleg. Steinunn segist mála eitthvað á hverjum degi og njóti þess.

Ingibjörg formaður þakkaði Steinunni fyrir góðar móttökur með fallegum orðum og gaf henni rós. Eftir að hafa skoðað fjölbreytt listaverk Steinunnar og fleiri listamanna á hennar fallega heimili var keyrt frá Hulduhólum í Álafosskvosina þar sem Ingibjörg formaður setti formlegan fund og kveikti á kertunum þremur og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Fundinn sóttu 29 konur: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Krístrún Ísaksdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Að snæðingi loknum kynnti Ingibjörg formaður dagskrá vetrarins og sagði að eftir vorþingið þá hafi komið upp sú hugmynd að færa sig meira inn í skólana og var dagskráin unnin út frá því. Varð úr að þemað yrði tengt spurningunni:

Hvað vitum við um móttöku fólks af erlendu bergi og hvernig viljum við að staðið sé að þessum málaflokki?

Tilkynnt var að Björg tók vel í umleitan stjórnar um að taka að sér gjaldkerastarfið. Edda las upp markmið DKG í stað orða til umhugsunar. Kristín Bjarnadóttir fyrrum formaður las fundargerð síðasta fundar.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir (var fyrir norðan) og Kristín Ísaksdóttir afmælisdömur sumarsins fengu rós, hamingjuóskir og kort með tilvitnun um tímann og mikilvægi þess að gleðjast og lifa í núinu.

Ingibjörg dreifði kortum sem komu upp úr kassanum góða frá Kristínu fyrrum formanni og hafði prentað á þau spakmæli og ljóð sem konur deildarinnar lásu upp. Hún sagði einnig frá áætlun stjórnar um að taka inn nýjar konur á næstu tveimur árum og ákvörðun um að syngja í lok fundar.

Áður en Ingibjörg formaður sleit fundi með því að slökkva á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar þá sungu Gammasystur háum rómi lag Sigfúsar Halldórssonar við texta Sigurðar Elíassonar kennara um *Litlu fluguna* og lag Felix Körling *Vér göngum svo léttar í lundu* með leyfilegri kvenkynslýsingarorðsbreytingu texta Freysteins Gunnarssonar.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir